


Inside Job sýnd í Bío Paradís 10. júní 2011

Fim, 09/06/2011 - 20:12 | [Attac á Íslandi](http://attac.is)



Attac, Hreyfingin og Gagnauga.is sýna heimildarmyndina Inside Job í Bío Paradís, Hverfisgötu 54, föstudagskvöldið 10. júní 2011 kl. 20.00

Efni: Inside Job fjallar á ítarlegan hátt um efnahagshrunið árið 2008, sem kostaði meira en 20 trilljónir Bandaríkjadala og olli því að milljónir manna misstu vinnuna og heimili sín í verstu niðursveiflu í efnahagskerfi heimsins síðan kreppan mikla reið yfir á þriðja áratug síðustu aldar. Myndin er byggð á ítarlegum rannsóknum og viðtölum við aðila úr lykilstöðum í fjármálalífi, stjórnmalalífi, fjölmiðlum og háskólum heimsins. Hún var tekin upp á Íslandi, í Bandaríkjunum, Englandi, Frakklandi, Singapúr og Kína.

Umsögn: Inside Job er einhver umtalaðasta mynd síðasta árs og hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda. Meðal þess sem sérstaklega er tekið fyrir í myndinni er íslenska efnahagshrunið. Myndin hlaut Óskarsverðlaunin á dögnum sem heimildamynd ársins.

- [Fundir](#)

Source URL:

<http://attac.is/greinar/inside-job-s%C3%BDnd-%C3%AD-b%C3%AD%C3%B3-parad%C3%ADs-10-j%C3%BAn%C3%AD-2011>